

8. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 35.00 af hverjum m² lóðar.
9. Bifreiðastæði greiði húseigendur sjálfir.
10. Heimkeyrslur að húsum við millilóðir skal hreppurinn greiða.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkv. 1. gr. skal miðast við þá byggingarvisitölu, sem í gildi er 1. nóvember það ár sem lagning bundins slitlags fer fram. Gatnagerðargjald við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið lagt á við gildistöku þessarar reglugerðar skal miðast við byggingarvisitölu 1. nóvember 1974.

Til útreiknings skal nota magntölur fasteignamatsins (m³ húsnæðis og m² lóðar).

3. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 1. gr. skal greitt á 5 árum með jöfnum afborgunum. Gjald dagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn ári eftir að lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðsla skal þó eigi innheimt fyrr en lagningu gangstétta er lokið við viðkomandi götu.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu tvö ár eftir gjalddaga og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur í Búlandshreppi.

Húseigendur í Búlandshreppi skulu greiða til sveitarsjóðs Búlandshrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og göturnar eru lagðar bundnu slitlagi. Til útreiknings skal nota eftirfarandi einingartölur:

A.	1.	Einbýlishús m/bifreiðageymslu að 400 m ³	kr. 125 000.00
	2.	Parhús að 400 m ³	— 100 000.00
	3.	Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja hæða íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á 1 hæð að 400 m ³	— 80 000.00
	4.	Raðhús á 2 hæðum að 400 m ³	— 60 000.00
	5.	Fjölbýlishús á 2 hæðum m/allt að 8 íbúðum að 300 m ³	— 50 000.00
	6.	Fjölbýlishús á 3 hæðum eða fleiri, m/fleiri en 8 íbúðum að 300 m ³	— 35 000.00
	7.	Verslunar- og skrifstofuhús per m ³	— 200.00
	8.	Iðnaðarhús og vörugeymslur per m ³	— 150.00
	9.	Umframstærðir í íbúðarhúsum per m ³	— 200.00

10. Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.

B. 1. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40.00 af hverjum m² lóðar.

C. 1. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.

Öll gjöld eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 1974.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkv. 1. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 1. gr. skal greitt á fjórum árum með jöfnum afborgunum. Gjald dagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn sama ár og lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvila, næstu tvö ár á eftir gjalddaga og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki, samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Búlandshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 399.

4. september 1975.

S A M Þ Y K K T

um gatnagerðargjöld í Grundarfirði.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á skipulögðu svæði Grundarfjarðar, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjald við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.0%